

enda. Varla komst nokkur hlutí landsins hjá hörmungum þeim, er fylgdu þessum langa og grimmilega ófriði. Heil héruð lögðust í eyði, og velmegandi borgum var sópað í birtu, veislun öll og viðskifti urðu að engu, trúarlif og síðferði komust á afar-lágt stig. Í þessum hræðilega þrjátíuára ófriði misti Þýzkaland helming íbúanna og two þriðju hluta þjéðarauds sírs. Þegar stríðið var á enda, var alstaðar hungur, eyðilegging, eymd og mannúðarleysi að finna. Híð eina góða, sem af ófriðnum leiddi, var, að hann kendi mönnum umburðarlyndi. Af hörmungum þeim, sem bæði kaþólskir menn og mótmælendur liðu, lærðu þeir, að þeir hlutu að lífa saman, hvorugir gátu eyðilagt aðra; að reyna það var að eyðileggja sjálfa sig um leið. Það umburðarlyndi var ógurlega dýru verði keypt, en máske hefðu menn ekki getað lært að verða umburðarlyndir á neinn annan hátt.

Afleiðingarnar af óförum Þýzkalands vöruðu heila öld. Frelsi þess var farið. Landinu var skift sundur í mörg smá-ríki, sem var stjórnað af harðstjórum. Lífsmagn landsins var lamað. Hvað gat bjargað því?

Friðrik mikli Prússa konungur var fyrstur til að koma á stað voldugri endurreisn. Með sínum miklu afrekum skapaði hann hjá þjóðinni nýja trú á sjálfa sig og land sitt. Menn byrjuðu aftur að standa á sínum eigin fótum. Nýir eldar andlegs og síðferðislegs lífs byrjuðu að brenna. Með Klopstock, Wieland og Lessing byrjaði bókmentaleg endurvakning. Áhrif Lessings voru ekki eingöngu bókmentalegs eðlis. Hann átti góðan þátt í því að færa trúarbrögðunum nýtt líf og gera þau frjálsari. Sorgarleikur hans „Nathan der weise“ var máske hin sterkasta vörn fyrir umburðarlyndi í trúmálum, sem nokkurn-tíma hefir verið rituð. Kant kom fram á sjónarsviðið og próf-adi heimiskeppina og trúarbrögðin á þann hátt, sem þau höfðu aldrei verið prófuð áður, og afleiðingin varð sú, að bæði fengu nýtt líf og nýja stefnu.

Hegel kom til sögunnar og ruddi frjálslyndinu braut bæði í heimspeki og trúmálum. Schleiermacher átti mikinn þátt í